



Hafnarfjarðarkaupstaður

Anna Steinbrenner

Strandgötu 6

220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 17.3.2025

Málsnúmer: 202502-0001

IAS

Efni: Hleinar á Langeyrarölum. Breyting á deiliskipulagi.

Vísað er í erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað, dagsett 31. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á deiliskipulagi vegna Hraunvangs 7.

Markmið breytinganna er að ráðast í umfangsmiklar endurbætur og nýbyggingar til þess að bæta lífsgæði íbúanna og fjölga íbúðum og búsetuúrræðum fyrir aldraða. Lóðin er stækkuð úr 25.980 m² í 33.407 m² og heimilt byggingarmagn fer úr 22.586 m² í 50.256 m².

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Deiliskipulagssvæðið er utan friðlýstra svæða en það liggur að Hleinum í Hafnarfirði sem voru friðlýstir sem fólkvangur árið 2009 og var markmiðið að vernda fjöru- og útivistarsvæði í fögru hraunaumhverfi. Þá er svæðið allt á nútímahrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Hrauninu hefur verið raskað að hluta á svæðinu en æskilegt er að hlífa eins og hægt er óröskuðum hlutum hraunsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur